



156. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 15. janúar 2008 kl. 16:15 í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Oddný Árnadóttir 2. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari og Engilbert Olgeirsson.

1. Íþróttþing ÍSÍ

Rætt um fyrirkomulag þings og dagskrá. Eins og áður hefur komið fram mun þingið verða haldið dagana 17.-18. apríl nk. á Hilton Nordica Hótel.

2. Ólympísk verkefni

Lögð fram tillaga Skíðasambands Íslands um keppendur á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fer í Slask-Beskidy í Póllandi 14.-21. febrúar nk. Tillagan samþykkt.

Keppendur verða eftirfarandi:

Alpagreinar: Fanney Guðmundsdóttir, Karen Sigurbjörnsdóttir, María Guðmundsdóttir, Tinna Hauksdóttir, Hjörleifur Einarsson, Markús Jóhannsson, Ólafur Jakobsson og Unnar Sveinbjarnarson.

Ganga: Silja Rán Guðmundsdóttir og Rannveig Jónsdóttir.

Þjálfarar: Guðmundur Sigurjónsson (alpagreinar) og Jakob Einar Jakobsson (ganga).

Sjúkrapþjálfari: Mundína Ásdís Kristinsdóttir.

Aðalfararstjóri: Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Rætt um Smáþjóðaleikana sem verða haldnir á Kýpur 1.-6. júní nk. Fjárhagsáætlun verður lögð fyrir framkvæmdastjórn á næsta fundi.

Forseti skýrði frá því að búið væri að bóka fund með forseta IOC, Jacques Rogge, þann 4. mars nk. til að ræða fjárstuðning og mögulega aukningu á framlögum til handa ÍSÍ.

Rætt um endurnýjun samninga við Ólympíufjölskylduna. Gera má ráð fyrir að efnahagsástandið í landinu hafi áhrif á samningaferlið.

3. Styrkir

Lögð fram tillaga gjaldkera ÍSÍ að útbreiðslustyrk til héraðssambanda og íþróttabandalaga 2008. Gengið er út frá sömu forsendum og árið 2007.

Tillagan samþykkt.

Samþykkt var að við sameiningu héraðssambanda og íþróttabandalaga verði sú regla höfð að útbreiðslustyrkur verði greiddur út miðað við greiðslufyrirkomulag fyrir sameiningu, fyrsta

almanaksárið eftir sameiningu, ef um er að ræða sambönd sem ekki ná svokölluðu „gólfi“ í úthlutun. Þetta er gert til stuðnings við nýtt samband.

Ríkisstyrkur til sérsambanda er á fjárlögum 2009 samkvæmt samningi eða alls 70 millj. króna. Þá er framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 30 millj. króna en samningur um Afrekssjóð rann út 31. desember 2008. Framtíðarsamningur um Afrekssjóð liggur ekki fyrir en áætlað er að ljúka samningagerð við menntamálaráðuneytið í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2010.

4. Skólaíþróttir

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður Skólaíþróttanefndar ÍSÍ lagði fram greinargerð þar sem eftirfarandi tillaga kemur fram:

Lagt er til að Skólaíþróttanefnd verði lögð niður og „hlutverk“ hennar færð yfir á Fræðslusvið ÍSÍ. Fræðslusvið ÍSÍ taki yfir samnorræn verkefni sem tengjast Norrænu skólaíþróttasamtökunum. Einn nefndarmaður verði tengiliður við Norrænu skólaíþróttanefndirnar, sækji fundi á þeirra vegum og í samstarfi við starfsmenn fræðslusviðs komi að þeim verkefnum sem Norrænu skólaíþróttanefndirnar vinna saman að. Tillagan samþykkt.

5. Ferðasjóður

Helga Steinunn tilkynnti að búið væri að loka umsóknarsvæði Ferðasjóðs íþróttafélaga. Umsóknarferlið gekk vel og úrvinnsla er hafin. Vinnuhópur um ferðasjóðinn mun hittast 29. janúar nk. Tillaga að úthlutun verður væntanlega lögð fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

6. Afreksíþróttabrautir

Friðrik Einarsson skýrði stuttlega frá vinnu í starfshópi menntamálaráðuneytisins um afreksíþróttabrautir. Starfshópurinn hefur lokið störfum og skilað skýrslu til ráðuneytisins. Sigríði Jónsdóttur formanni Fræðslusviðs og Friðrik Einarssyni falið að vinna áfram að málinu.

7. Heiðranir

Staðfestar eftirtaldar heiðranir:

Patrick Hickey forseti Evrópusambands ólympíunefnda – Gullmerki ÍSÍ. Forseti ÍSÍ afhenti Patrick Gullmerkið í hófi ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2. janúar sl.

Sigfús Ægir Árnason framkvæmdastjóri TBR – Gullmerki ÍSÍ. Forseti ÍSÍ afhenti Sigfúsi Gullmerkið í 70 ára afmælishófi TBR 17. janúar sl.

8. Heiðursráð

Frestað til næsta fundar.

9. Fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Eftirfarandi staðfest:

Handknattleiksdeild og knattspyrnudeild Umf. Selfoss

Handknattleiksdeild og knattspyrnudeild Víkings – endurnýjun.

Alls hafa verið útskrifuð 45 íþróttafélög, 91 deild og 105 endurnýjanir til þessa.

10. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 155.fundur framkvæmdastjórnar

- Framkvæmdaráð 1. fundur

- Almenningsíþróttasviðs frá 18.12.2008
- Verkefnasjóðs frá 8.1.2009 - **Staðfest**
- Lyfjaeftirlitsnefnd 12.1.2009
- SÍÓ 16. desember 2008
- 7. og 8. fundur vinnuhóps um skráningamál íþróttahreyfingarinnar (áður útsent)
- 541.-544. fundur Íslenskrar getspár
- 7.-10. fundur Íslenskra getrauna

11. Þing og fundir

Eftirfarandi þing eru framundan:

- 14. febrúar – KSÍ í höfuðstöðvum KSÍ
- 19. febrúar - UMSK
- 22. febrúar - SÍL
- 25. febrúar - HSH, Lýsuhóli í Staðarsveit
- 27. og 28. febrúar - SSÍ
- 28. febrúar – HSK á Hvolsvelli
- 13. mars – GLÍ að Laugum í Sælingsdal

12. Stjórnarfundir

Næstu fundir í framkvæmdastjórn ÍSÍ verða 5. febrúar og 26. febrúar nk.

13. Önnur mál

Afrekssjóður

Menntamálaráðuneytið hefur tilnefnt Ásthildi Helgadóttur sem fulltrúa ráðuneytisins í sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ í stað Guðjóns Guðmundssonar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ þakkar Guðjóni fyrir vel unnin störf. Skrifstofu falið að skrifa þakkarbréf til Guðjóns.

Fyrirspurn frá ÍBR

Tekin fyrir fyrirspurn ÍBR vegna skiptingu fulltrúa á sérsambandsþing.

Samþykkt að skipa vinnuhóp til að fara yfir þessi mál og kanna samskipti sérsambanda og héraðssambanda varðandi þessi mál. Samþykkt að Lárus Blöndal varaforseti verði formaður vinnuhópsins en auk hans verði 2 fulltrúar frá héraðssamböndum og tveir fulltrúar frá sérsamböndum. Varaforseta falið að skipa í vinnuhópinn.

Kraftlyftingaíþróttin

Rætt um málefni Kraftlyftingasambandsins, sem hefur farið þess á leit við ÍSÍ að stofnuð verði Kraftlyftinganefnd ÍSÍ. Engin félög hafa enn sótt um aðild að ÍSÍ í gegnum héraðssambönd og íþróttabandalög en vitneskja er um að slíkar umsóknir séu væntanlegar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar því að forsvarsmenn í kraftlyftingaíþróttinni vilji að íþróttin falli aftur undir lög og reglur ÍSÍ. Ósk Kraftlyftingasambandsins verður aftur tekin til umfjöllunar ef íþróttin þróast innan vébanda ÍSÍ.

Íþróttáutvarp

Forseti greindi frá fundi sem hann átti með Valtý Birni Valtýssyni um hugmyndir að íþróttáutvarpi.

RÚV og íþróttaumfjöllun

Rætt um niðurskurð RÚV ohf og afleiðingar þeirra aðgerða á íþróttaumfjöllun. Óskað hefur verið eftir fundi með útvarpsstjóra RÚV ohf vegna þessara mála.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari